

Mál nr. 337/2011

**M
og
vátryggingafélagið X v/ kaskótryggingar bifreiðar.**

Olíupanna skemmdist er bifreið var ekið yfir hraðahindrun þann 14.5.2010.

Gögn.

142. Málskot, móttakið .2011, ásamt fylgigögnum.

143. Bréf X, dags. 15.8.2011, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A í eigu M var ekið yfir hraðahindrun á Bæjarbraut í Hafnarfirði. Við það mun A hafa rekist niður með þeim afleiðingum að olíupanna undir vél hennar skemmdist.

A var kaskótryggð hjá vátryggingafélaginu X og hefur M krafist bóta úr kaskótryggingunni vegna tjónsins. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í greinum 4.1 til 4.15 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um kaskótrygginguna eru tæmandi taldar þær tjónsorsakir sem vátryggingin bætir. Ekki verður séð að tjón sem varð á A með þeim hætti sem að framan greinir falli undir bótasvið vátryggingarinnar samkvæmt þessum ákvæðum skilmálanna. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist ekki úr kaskótryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 6. september 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.